

Hvernig á að pressa slöngu?

1. Skerið slönguna þversum í rétta lengd, ekki gleyma að draga lengd á fittings frá óskaðri heildarlengd slöngunnar.
2. Hreinsið slönguendann vel, passið sérstaklega uppá að fjarlægja lausar gúmmíagnir sem geta verið til staðar eftir skurðinn og að ekki standi út vírendar sem geta hindrað að hulsur og tengi komist á réttan stað.
3. Ýtið hulsunni þétt eins langt og hún kemst upp á slönguendann. Hulsan ætti að stöðvast á þar til gerðri innri brún.
4. Ýtið tengi þétt inn í slönguna. Gætið þess að tengið sitji rétt svo að það skafi ekki upp gúmmílagið sem er innan í slöngunni. Á háþrýstítengjum er rauf með krögum sitt hvoru megin á milli slönguendans og fittingsins. Kraginn nær slönguendanum á að fara alveg að enda slöngunnar og innri brún hulsunnar að liggja inni í kraganum. Við pressun læsast kraginn og brúnin saman og halda þannig hulsu og tengi á sínum stað.
5. Pressið hulsuna á slönguna skv. pressutöflu framleiðanda. Mikilvægt er að staðsetja slönguna rétt þannig að öll hulsan sé pressuð jafnt en ekki sé pressað á fittingsinn sem stendur framúr henni.
6. Eftir pressun er mikilvægt að ganga úr skugga um að allt hafi gengið rétt fyrir sig, tengi liggji bein inni í slöngunni, hulsan liggji þétt og vel í rauf tengisins og að tengi og hulsu hafi farið alla leið utan á og innan í slöngunni. Eftir pressun er líka mikilvægt að ganga úr skugga um að ekki liggji gúmmíagnir eða gúmmíryk inni í slöngunni og er ágætis vinnuregla að blása þrýstilofti í gegnum slönguna eftir pressun til að ganga úr skugga um það.

